

14. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands. Reglunar öðlast þegar gildi, en gilda einnig fyrir það reikningsár sem hófst á árinu 1986 sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 36/1986.

Viðskiptaráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

Matthías Bjarnason.

Pórhallur Ásgeirsson.

Nr. 73

6. febrúar 1987

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akraness.

Hinn 7. janúar 1987 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi Akraness:

1. Svæði fyrir íbúðabyggð á horni Kirkjubrautar og Skagabrautar breytist að hluta í lóð fyrir verslun og skrifstofur.
2. Verslana- og skrifstofusvæði á horni Kirkjubrautar og Háholts breytist í stofnana-svæði.
3. Svæði fyrir íbúðabyggð milli Háholts og Skagabrautar breytist í stofnanareit.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 74

5. febrúar 1987

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að Einarsnes verði aðalbraut. Jafnframt verði biðskylda á botngötu húsa-anna nr. 21—31 við Einarsnes, Gnitanesi og Bauganesi gagnvart Einarsnesi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 25. febrúar 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. febrúar 1987.

Böðvar Bragason.